

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For The Following Qualification:-

B.A.

Scand. Studs. SC4740: Old Norse II

COURSE CODE : SCAN4740

UNIT VALUE : 0.50

DATE : 27-MAY-03

TIME : 10.00

TIME ALLOWED : 3 Hours

Answer QUESTION 1 (30%) and QUESTION 2 (20%) and TWO QUESTIONS FROM QUESTIONS (3)-(8) (25% each).

A candidate may not in any answer cover the same ground as in an assessed or extended essay. Avoid duplication of material in this paper.

(1) Translate TWO of the following passages into English:

(a)

Þá mælir Gangleri: 'Þat segir þú at allir þeir menn er í orrostu hafa fallit frá upphafi heims eru nú komnir til Óðins í Valhöll. Hvat hefir hann at fá þeim at vistum? Ek hugða at þar skyldi vera allmiklit fjölmenni.'

Þá svarar Hár: 'Satt er þat er þú segir, allmiklit fjölmenni er þar, en myklu fleira skal enn verða, ok mun þó oflítit þykkja þá er úlfrinn kemr. En aldri er svá mikill mannfjöldi í Valhöll at eigi má þeim endask flesk galtar þess er Sæhrímnir heitir. Hann er soðinn hvern dag ok heill at aptni. En þessi spurning er nú spyrr þú þykki mér líkara at fáir muni svá vísir vera at hér kunni satt af at segja. Andhrímnir heitir steikarinn en Eldhrímnir ketillinn. Svá er hér sagt:

Andhrímnir lætr
í Eldhrímn
Sæhrímn soðinn,
fleska bazi.
En þat fáir vitu
við hvat einherjar alask.'

Þá mælir Gangleri: 'Hvart hefir Óðinn þat sama borðhald sem einherjar?'

Hár segir: 'Þá vist er á hans borði stendr gefr hann tveim úlfum er hann á, er svá heita: Geri ok Freki. Ok ønga vist þarf hann: vín er honum bæði drykkur ok matr. Svá segir hér:

Gera ok Freka
seðr gunntamiðr
hróðigr Herjafðr,
en við vín eitt
vápnagafir
Óðinn æ lifir.

Hrafnar tveir sitja á oxlum honum ok segja í eyru honum öll tíðindi þau er þeir sjá eða heyra. Þeir heita svá: Huginn ok Muninn. Þá sendir hann í dagan at fljúgja um allan heim ok koma þeir aptr at dögurðarmáli. Þar af verðr hann margra tíðinda vís. Því kalla menn hann hrafna guð. Svá sem sagt er:

Huginn ok Muninn
fljúgja hverjan dag
jormungrund yfir.
Óumk ek Hugin
at hann aptr ne komi,
þó sjámk ek meir at Munin.'

(b)

Sigurðr jarl Hlödvisson réð þá fyrir eyjunum, ok fór Gunnlaugr til hans ok var þar um vetrinn, ok virði jarl hann vel. Ok um várit bjóst jarl í hernað. Gunnlaugr bjóst til ferðar með honum, ok herjuðu um sumarit víða um Suðreyjar ok Skotlandsfjörðu ok áttu margar orrostur, ok reyndist Gunnlaugr inn hraustasti ok inn vaskasti drengr ok inn harðasti karlmaðr, hvar sem þeir kómu. Sigurðr jarl snerist snemmendis sumars aftr, en Gunnlaugr sté þá á skip með kaupmönnum, þeim er sigldu til Nóregs, ok skilðu þeir Sigurðr jarl með mikilli vináttu.

Gunnlaugr fór norðr til Þrándheims á Hlaðir á fund Eiríks jarls, ok var þar öndverðan vetr, ok tók jarl vel við honum ok bauð honum með sér at vera, ok þat þekkti hann. Frétt hafði jarl áðr viðskipti þeira Hrafns, svá sem var, ok segir Gunnlaugi, at hann legði bann fyrir, at þeir berðist þar í hans ríki. Gunnlaugr kvað hann slíku ráða mundu, ok var Gunnlaugr þar um vetrinn ok jafnan fálátr.

Ok um várit einn dag gekk Gunnlaugr úti ok Þorkell, frændi hans, með honum. Þeir gengu í brott frá bænum. Ok á völlum fyrir þeim var mannhringr, ok í hringinum innan váru tveir menn með vápnum ok skilmðust. Var þar annarr nefndr Hrafn, en annarr Gunnlaugr. Þeir mæltu, er hjá stóðu, at Íslendingar hyggi smátt ok væri seinir til at muna orð sín. Gunnlaugr fann, at hér fylgði mikit háð ok hér var mikit spott at dregit, ok gekk Gunnlaugr í brott þegjandi. Ok litlu síðar eftir þetta segir hann jarli, at hann kveðst eigi lengr nenna at þola háð ok spott hirðmanna hans um mál þeira Hrafns, ok beiddi jarl fá sér leiðtoga inn í Lifangr. Jarli var sagt áðr, at Hrafn var í brottu ór Lifangri ok farinn austr til Svíþjóðar, ok því gaf hann Gunnlaugi orlof at fara ok fekk honum leiðtoga tvá til ferðarinnar.

(c)

Rístu nú, Scírnir, oc gacc at beiða
 occarn mála mǫg,
oc þess at fregna, hveim inn fróði sé
 ofreiði afi.'

Scírnir qvað:

'Illra orða er mér ón at yccrom syni,
 ef ec geng at mæla við mǫg,
oc þess at fregna, hveim inn fróði sé
 ofreiði afi.

Segðu þat, Freyr, fólcvaldi goða,
 oc ec vilia vita:

hví þú einn sitr ennlanga sali,
 minn dróttinn, um daga?'

Freyr qvað:

'Hví um segiac þér, seggr inn ungi,
 mikinn móðtrega?
þvíat álfrøðull lýsir um alla daga,
 oc þeygi at mínom munom.'

Scírnir qvað:

'Muni þína hycca ec svá micla vera,
 at þú mér, seggr, né segir;
þvíat ungir saman várom í árdaga,
 vel mættim tveir trúazc.'

Freyr qvað:

'Í Gymis gorrðom ec sá ganga
 mér tíða mey;
armar lýsto, enn af þaðan
 alt lopt oc loqr.

Mær er mér tíðari enn manni hveim,
 ungom, í árdaga;
ása oc álfa þat vill engi maðr,
 at við sátt sé.

(d)

Frá því er at segja,
hvé sæll ek var
ynðisheimi í,
ok hinu öðru,
hvé ýta synir
verða nauðgir at nám.

Vil ok dul
tælir virða sonu
þá er fikjask á fé.
Ljósir aurar
verða at löngum trega.
Margan hefir auðr apat.

Glaðr at mörgu
þóttu ek gumnum vera
þvítt ek víska fátt fyrir.
Dvalarheim
hefir dróttinn skapat
munaðfullan mjök

Lútr ek sat,
lengi ek hölluðumk,
mjök var ek þá lystr at lifa.
En sá réð
er ríkri var.
Frammi eru feigs götur.

Heljar reip
kómu harðliga
sveigð at síðum mér,
slíta ek vilda,
en þau seig vóru.
Létt er lauss at fara.

Einn ek víska,
hversu alla vega
sullu súttir mér,
Heljar meyjar
er mér hrolla buðu
á hverju kveldi heim.

Sól ek sá,
sanna dagstjörnu,
drúpa dynheimum í.
En Heljar grind
heyrða ek á annan veg
þjóta þungliga.

(2) Translate the following passage into English:

Sigla þeir nú, þar til at þeir koma til Hellulands, ok leggja inn á fjörðinn Skugga. En er þeir eru landfastir orðnir, ganga þeir feðgar á land ok þar til, sem þeir sjá, hvar virki stendr, ok sýnist þeim þat harðla rammgert. Flóki gekk þá út á virkisarminn ok hans félagar. Ögmundr heilsar þá Oddi blíðliga ok frétti at erendum.

„Eigi þarftu at því at spyrja,“ sagði Oddr, „því at ek vil hafa líf þitt.“

„Hitt er ráð,“ sagði Ögmundr, „at vit sættumst heilum sáttum.“

„Nei,“ sagði Oddr, „þat skal verða aldri, því at hitt var mér í hug, þá er þú drapt ok myrðir Þórð stafnglám, fóstbróður minn, ok níddist á honum.“

„Því gerða ek þat,“ sagði Ögmundr, „at mér þótti eigi áðr jafnvegitt, en nú þótt þú hafir mik fundit, getr þú aldri mik unnit, meðan ek em í virkinu, en nú býð ek þér, at þit feðgar berizt tveir við oss kumpána, ella munum vér í virkinu fyrir mælast.“

„Þat skal vera,“ sagði Oddr, „ok skal ek berjast við þik, Ögmundr, en Vignir við kumpána þína.“

„Þat skal eigi vera,“ sagði Vignir, „skal ek nú launa þér frýjuorð, þat er þú lagðir mér í fyrsta tíma, at vit fundumst, at ek munda eigi þora at finna Ögmund.“

„Þessa skiptis munum vit iðrast síðar,“ sagði Oddr, „þó at þú ráðir nú at sinni.“

Taka þeir síðan at berjast. Var þat nær sjá.

- (3) EITHER: (a) 'It is by studying *Sólarljóð* in relation to its origins that we can best get an idea of its unity.' Discuss.
OR: (b) What criteria would you use in an attempt to date the poem *Sólarljóð*, and at what result would you arrive?
- (4) EITHER: (a) '*Skirnismál* derives much of its power from its playing off of pagan against Christian ideas.' Discuss.
OR: (b) Consider the poem *Skirnismál* against the background of Old Norse myth and religion.
- (5) EITHER: (a) 'Not so much a disappointing story as the story of a disappointing man.' Discuss this view of *Gunnlaugs saga ormstungu*.
OR: (b) Consider the verses of *Gunnlaugs saga ormstungu* with respect to the composition of the saga as a whole.
- (6) EITHER: (a) What can we learn about Snorri Sturluson's development as a literary artist from studying the various parts of his Prose *Edda*?
OR: (b) Evaluate Snorri Sturluson's *Edda* as a source for Norse mythology.
OR: (c) 'So vivid are the individual tales in *Gylfaginning* that it is easy to lose sight of the overall shape and significance of the work.' How far can you agree with this statement?
- (7) How far do you consider that the Sagas of Icelanders have oral traditions as their sources?
- (8) Write an essay on the poetry of the early Christian period in Iceland.